

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2023 (114. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.02.2023 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Gísli Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Sveinn Valdimarsson	Landhelgisgæslan

1. Nýr fulltrúi Suðurnesjabæjar

Gísli Pálsson er nýr fulltrúi Suðurnesjabæjar í skipulagsnefndinni og var hann boðinn velkominn til starfa.

2. Þróunaráætlun Kadeco

Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri Kadeco, kynnti þróunaráætlun nærumhverfis Keflavíkurflugvallar (Keflavik Airport Area Masterplan) til ársins 2050. Þróunaráætlunin var unnin í framhaldi af alþjóðlegu útboði þar sem hönnunar- og skipulagsstofan KCAP varð hlutskörpust.

Fyrirhugað er að kynna þróunaráætlunina opinberlega á næstunni.

3. Háaleitishlað 7. Stöðuleyfi fyrir gám

Lagt var fram erindi Suðurnesjabæjar þar sem framsent er erindi Frívöruverslunarinnar Saxa ehf um umsókn um stöðuleyfi fyrir gám við Háaleitishlað 7. Lagt er til í erindinu að stöðuleyfið verði veitt til 21.05.2024.

Skipulagsnefndin samþykkti stöðuleyfið til eins árs.

4. Atburðarásin 17. - 21. desember 2022

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar, fór yfir viðbrögð Reykjanesbæjar, Vegagerðarinnar og Isavia við illviðri með mikilli snjókomu sem gekk yfir Suðurnesin 17. – 21. desember 2022.

Helsti lærdómur að mati Guðlaugs af ástandinu, sem skapaðist, er að samnýting tækja milli þessara þriggja aðila þarf að vera fyrir hendi. Snjómokstursblásarar og tæki Isavia hefðu hjálpað mjög við að halda Reykjanesbrautinni opinni. Í stað mjúkra lokana vega þarf að grípa til harðra lokana vega, sem þýðir að ekki verði tilmæli til ökumanna ein og

sér látin duga heldur verði algjört akstursbann fyrir litla bíla. Eins þarf Vegagerðin að vera með snjómokstursbúnað staðsettan á báðum endum Reykjanesbrautar.

5. KEFplus.is

Vakin er athygli á kynningarvefnum kefplus.is þar sem skyggst er inn í framtíð Keflavíkurflugvallar og fylgst með hvernig hann þróast.

6. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 27. mars 2023 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx